



Samstarfssamningur

Landspítala

og

Reykjalundar

um

sérnám í læknisfræði



Samstarfssamningur á milli Landspítala og Reykjalundar

um sérnám í læknisfræði

Árni  
ABH

## **1. Grein: Samstarfsaðilar**

**1.1 Samstarfsaðilar:** Samstarfssamningur þessi varðar formlegt samstarf eftirfarandi aðila.

- a) Landspítali, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, Ísland (Landspítali)
- b) Reykjalandur endurhæfing ehf., 270 Mosfellsbær

## **2. Grein: Bakgrunnur og grundvöllur sérnáms og samstarfssamnings**

**2.1 Bakgrunnur:** Á undanförnum árum hefur mikil þróun átt sér stað í uppbyggingu sérnáms lækna á Íslandi. Lögð hefur verið áhersla á þróun sérnáms í öllum stærstu greinum lækningsa í samræmi við viðurkennda alþjóðlega staðla. Samstarfið verður formgert með samningi til fimm ára. Með undirritun samnings nú eru ábyrgð og skyldur beggja aðila samþykktar eins og þær koma fram í samstarfssamningi þessum og viðaukum hans.

**2.2 Grundvöllur:** Sérnám í öllum greinum læknisfræði skal fara fram samkvæmt gildandi reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta almennt lækningsaleyfi og sérfræðileyfi ([Reglugerð 856/2023](#) um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningsaleyfi og sérfræðileyfi). Sérnám fer fram samkvæmt marklýsingu hverrar einstakrar greinar og á þeim deildum Landspítala og Reykjalandi sem samþykktar hafa verið af mats- og hæfisnefnd, sem starfar á forræði heilbrigðisráðuneytis skv. ofangreindri reglugerð.

**2.3 Stofnanir skuldbinda sig til samhæfingar varðandi gæði náms og framkvæmd þess.**

## **3. Grein: Umsjón og framkvæmd**

**3.1 Yfirumsjón** með allri umsýslu og framkvæmd þessa samnings á Landspítala er í höndum yfirlæknis sérnáms á Landspítala. Yfirumsjón með allri umsýslu á Reykjalandi og framkvæmd þessa samnings er framkvæmdastjóri lækninga. Kennslustjórar bera ábyrgð á framkvæmd sérnáms í samvinnu við forstöðumenn eininga beggja stofnana í samræmi við gildandi starfslýsingu kennslustjóra sérnáms í læknisfræði (viðauki 1). Tryggt skal að á hvorum stað starfi í það minnsta einn meðlimur kennsluráðs hverrar þeirrar greinar þar sem sérnám fer fram á báðum stöðum.

**3.2 Samningur** þessi lýsir umgjörð og framkvæmd samstarfs stofnana í sérnámi í mismunandi greinum læknisfræði. Þegar tekin er ákvörðun um samstarf innan

*AðA  
Lýr*

ákveðinnar greinar, undirrita viðeigandi kennslustjórar og ábyrgðarmenn sérnáms samstarfsyfirlýsingu (viðauki 2) og skuldbinda sig þar með til að fylgja þessum samningi.

- 3.3 Mælst er til þess að sérnámslæknum bjóðist að jafnaði að starfa í 18-24 mánuði á Reykjalundi í samræmi við samþykktir mats- og hæfisnefndar, innan þeirra greina þar sem samstarf hefur verið samþykkt og slíkt skilgreint samkvæmt samstarfsyfirlýsingu (viðauki 2).
- 3.4 Þess skal gætt að framkvæmd taki til allra þátta sérnáms hverrar sérgreinar og marklýsingar hennar á öllum námsstöðum. Hér er átt við skipulag handleiðslukerfis, matskerfis, notkun skráningarkerfis, kennsluprógramms og mats á framgangi.

#### **4. Grein: Ráðningaráferli, ráðningasamningur og kjör sérnámslækna**

- 4.1 **Ráðningáferli og ráðningasamningur:** Lausar stöður sérnámslækna eru auglýstar tvisvar á ár á vegum Landspítala. Að undangengnu stöðluðu ráðningaráferli í samræmi við handbók um mannauðsmál og sérnám lækna á Landspítala (viðauki 3) er gerður tímabundinn ráðningasamningur við Landspítala. Ef samvinna hefur verið staðfest milli Landspítala og Reykjalundi um sérnám í viðkomandi sérgrein er gert ráð fyrir að sérnámslæknir vinni á báðum stöðum. Skal það tekið fram í auglýsingu og ráðningasamningi og í það minnsta einn fulltrúi Reykjalundar skal taka þátt í ráðningaráferli. Þegar sérnámslæknir hefur störf á Reykjalundi fer hann í launalaust leyfi frá Landspítala og gerður er tímabundinn ráðningasamningur við Reykjalund.
- 4.2 Leitast skal við að skipulag og tímasetning námsstaða skuli liggja fyrir ekki síðar en þremur mánuðum fyrir upphaf starfa á ári hverju.
- 4.3 **Kjör sérnámslækna:** Sérnámslæknir þiggur laun og önnur réttindi samkvæmt gildandi kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs. Almenn ákvæði kjarasamninga og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda á meðan á ráðningasambandi við sérnámlæknir stendur. Landspítali greiðir öll laun og kostnað fyrir þann tíma sem sérnámslæknir starfar þar og Reykjalundur allan kostnað fyrir þann tíma sem sérnámlæknar starfa þar. Hvor stofnun greiðir ferðakostnað og námskeiðsgjöld vegna námsferða samkvæmt 8. kafla kjarasamnings en fjarvistir því samfara eru leystar innan þeirrar stofnunar sem sérnámslæknir starfar á þegar ferðin er farin. Leitast skal við að gæta jafnræðis við veitingu slíkra leyfa miðað við lengd námsdvalar á hvorum stað, þannig að ekki halli á aðra stofnunina í heildina.  
Áunnin staðarvaktarfrí, viðbótarfrí, frí vegna hvíldartímabrota og áunnið orlof skal tekið út eða gert upp á þeirri stofnun þar sem til þeirra stofnast. Þegar sérnámslæknir sem ráðinn hefur verið í sérnámsstöðu á forræði Landspítala hefur




A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Árni Þorsteinsson". Below the signature, the letters "ABA" are written in a smaller, stylized font.

störf á Reykjalundi fer hann í launalaust leyfi frá Landspítala en heldur áunnum réttindum þar. Ferðakostnaður á milli stofnana vegna vistaskipta er í öllum tilvikum borinn af starfsmanni sem og kostnaður vegna upphalds í Reykjavík og á Reykjalundi.

## 5. Grein: Ábyrgð og skyldur samstarfsaðila

5.1 Við undirritun samstarfssamnings þessa skuldbinda samstarfsaðilar sig til að:

- 5.1.1 Greiða laun og annan launatengdan kostnað sem tekur til þess tíma sem sérnámlæknir er í vinnu á viðkomandi stofnun
- 5.1.2 Tryggja í sameiningu að hver og einn sérnámslæknir hafi nafngreindan sérnámshandleiðara
- 5.1.3 Hver og einn sérnámslæknir hafi nafngreindan klínískan handleiðara fyrir hverja starfsstöð
- 5.1.4 Tryggja að allir klínískir handleiðrarar og sérnámshandleiðrarar hafi lokið viðeigandi handleiðsluþjálfun
- 5.1.5 Tryggja að sérnámslæknar hafi viðeigandi tækifæri til að uppfylla hæfnikröfur marklýsingar fyrir þann tíma sem sérnámslæknir starfar á viðkomandi stofnun og í samvinnu fyrir sérnám í heild
- 5.1.6 Tryggja að sérnámslæknar hafi viðeigandi aðgang að ráðgjafar-og stuðningsteymi og heilsuvernd eins og við á ef upp koma vandamál
- 5.1.7 Tryggja að sérnámlæknar hafi tækifæri til að taka þátt í þeirri kennslu sem skipulögð er innan hverrar greinar, eins og krafa er gerð um í marklýsingu og framgangskröfum. Ávallt skal nýta fjarfundabúnað ef því verður við komið.
- 5.1.8 Tryggja að viðeigandi fjarfundarbúnaður sé fyrir hendi, til samnýtingar kennslu-og námstækifæra
- 5.1.9 Taka þátt í gæðaúttektum á sérnámi í samræmi við reglugerð um sérnám lækna
- 5.1.10 Tryggja aðgöngu að búnaði til notkunar viðeigandi skráningarkerfi sérnáms (ePortfolio eða á pappírsformi)
- 5.1.11 Taka viðeigandi þátt í öðrum kostnaði sem fylgir sérnámi lækna á vikomandi sviði, svo sem hlutfallslega þátttöku í kostnaði við alþjóðlegt samstarf. Þetta skal gert samkvæmt samkomulagi kennslutjóra greina og ábyrgðaraðila sérnáms á Landspítala og Reykjalundi. Kostnaður skal gerður upp í lok hvers námsárs (fyrir 31.ágúst ár hvert)




## **6. Grein: Uppsagnarákvæði**

- 6.1 Ef vanefndir verða á samstarfssamningi þessum og/eða ágreiningur verður um efndir samningsins, skulu aðilar leitast við að jafna ágreininginn og ná fram sáttum, ella er hvorum aðila heimilt að rifta samstarfssamningi þessum með tólf mánaða fyrirvara.
- 6.2 Þáttaka og undirritun Reykjalundar í þessum samningi er gerð með fyrirvara um að gildandi samningur Reykjalundar og Sjúkratrygginga Íslands um þverfaglega endurhæfingu á hverjum tíma stangist ekki á við efni samningsins.

## **7. Grein: Gildistími og endurskoðun**

- 7.1 Samkomulag þetta gildir frá og með 1.1.2025 til og með 31.12.2030 og skal þá endurkoðast.

F.h. Landspítala



Tómas Þór Ágústsson  
Framkvæmdastjóri Lækninga

F.h. Reykjalundar



Árdís Björk Ármannsdóttir  
Framkvæmdastjóri lækninga

